

Föstudaginn 7. september 1990.

Nr. 318/1990. **Bræðurnir Bjartmarz hf.**

gegn

Borghildi Emilsdóttur.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísun frá héraðsdómi

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi yfirborgardómara, framkvæmdi hina kærðu dómsathöfn.

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um hina kærðu dómsathöfn 31. júlí 1990, skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. ágúst samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Félagið krefst þess, að ákvörðun héraðsdómara um að vísa málinu frá dómi verði felld úr gildi og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar. Þá er og krafist kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hinnar kærðu dómsathafnar. Jafnframt krefst hann þess, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Sóknaraðili höfðaði mál þetta sem áskorunarmál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu birtri 20. júní 1990 til „greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 34.644,- með dráttarvöxtum...“

Í stefnunni er gerð nánari grein fyrir grundvelli kröfunnar þannig: „Fyrir skuldinni eru kvittaðar nótur fyrir vöruúttektum stefndu í verslun stefnanda í marsmánuði 1990, samtals fyrir kr. 31.899,- og í aprílmánuði 1990, samtals fyrir kr. 2.765, og reikningar, dags. 01.04.1990 og 01.05.1990, fyrir sömu fjárhæðum.

Innheimtubréf hefur verið sent vegna skuldar þessarar, en því hefur ekki verið sinnt og er því málsókn þessi óhjákvæmileg. Stefnandi máls þessa byggir kröfur sínar á viðskiptum aðilanna og þeirri skyldu stefnda að greiða andvirði hinnar keyptu vöru. Um lagarök vísast til almennra reglna kröfuréttarins um efndir samninga.“

Þá segir svo í áskorunarstefnunni: „Mál þetta er rekið sem

áskorunarmál að hætti XVII. og XX. kafla laga nr. 85/1936 sbr. lög nr. 54/1988.“

Ekki var sótt þing í héraði af hálfu varnaraðila.

Héraðsdómari vísaði málinu frá dómi með svofelldri áritun: „Stefnandi kveður stefnukröfur máls þessa byggjast á kvittuðum nótum vegna vöruúttekta stefndu í verslun stefnanda í mars- og aprílmánuðum 1990 og reikningum dags. 01.04. og 01.05. 1990.

Stefnandi kveður mál þetta rekið sem áskorunarmál að hætti XVII. og XX. kafla l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 54/1988.

Með vísan til 207. gr. l. nr. 85/1936 þykir breyta heimild til, að reka mál þetta skv. ákvæðum 17. kafla s.l., og þykir því eigi hjá því komist, að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður dæmist ekki.“

Staðfesta ber þessa niðurstöðu héraðsdómara.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest. Kærumálskostnaður fellur niður.